



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 28. apríl 2025

MSS25010158

MINNISBLAÐ

Varðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um að gerð verði úttekt á túlkun grunnskóla í Reykjavík á hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla við lok 10. bekkjar

Á fundi borgarstjórnar þann 28. janúar 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga Sóleyjar Mjallar Ásgeirsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Kjalarness sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að gera úttekt á túlkun grunnskóla í borginni á matsviðmiðum aðalnámskrár við lok 10. bekkjar. Skal úttektin fara fram skólaárið 2026-2027. Borið hefur á óánægju í samfélaginu varðandi einkunnakerfi grunnskóla.

Greinargerð fylgdi.

Umsögn:

Aðalnámskrá grunnskóla er leiðbeinandi skjal sem skólum ber að vinna eftir. Kafli 9 fjallar meðal annars um námsmat í grunnskóla. Sá kafli fer yfir fjölbreyttar matsaðferðir, markmið með námsmati, viðmið um námsmat og tengsl við hæfniprep í framhaldsskólum. Við endurskoðun greinasviða aðalnámskrár grunnskóla var markmiðið að gera hæfniviðmiðin skýrari og einfaldari. Í ítarefni sem fylgir endurskoðuninni verða gefin út námsmarkmið við hvert hæfniviðmið, dæmi um kennsluhætti og tengingu við lykilhæfni.

Í grunnskólum Reykjavíkurborgar er unnið eftir aðferðum leiðsagnarnáms. Í því felst að námsmarkmið eru skýr, nemandi veit til hvers er ætlast og í námsferlinu er nemandinn sífellt að öðlast hæfni og færni með markvissri og stöðugri endurgjöf kennara. Matsviðmið við lok 10. bekkjar í aðalnámskrá eru skýr og stuðla að faglegu námsmati út frá viðmiðum hverju sinni.

Í kafla 9.5 kemur fram:

Námsmatskvarðinn A-D er skilgreindur þannig að nemandi sem fær B, B+ eða A hefur náð hæfniviðmiðum í 10. bekk. Má því gera ráð fyrir að þeir nemendur sem ná þeim viðmiðum búi yfir hæfni til þess að hefja nám í íslensku, ensku og stærðfræði í framhaldsskóla á öðru hæfniprepi. Mat á því hvaða þrep hentar best hverjum og einum er í höndum viðkomandi framhaldsskóla í samráði við nemendur og foreldra og er útfært nánar í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla. Ávallt er um einstaklingsmiðað mat að ræða. Grunnskólinn er



Reykjavík



ábyrgur fyrir því að um réttmætt og áreiðanlegt mat sé að ræða við lok grunnskóla og að veita nemendum, foreldrum og framhaldsskólum sem besta leiðsögn um nám í framhaldsskóla.

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu vinnur að þróun og innleiðingu matsferils sem ætlað er að draga upp heildstæða mynd af námslegri stöðu og framförum nemenda reglulega yfir skólagönguna. Miðstöðin hefur fengið til liðs við sig 26 skóla sem starfa innan 14 sveitarfélaga til að aðstoða við innleiðinguna á stöðu- og framvindu- prófunum og er innleiðingin nú þegar hafin.

Vonir eru bundnar við að nýr matsferill styðji enn frekar við réttmætt mat á námslegri stöðu nemenda við lok 10. bekkjar.

